

Fundargerð samstarfsnefndarfundar Eflingar og Landspítala

Mættir f.h. Eflingar: Sólveig Anna Jónsdóttir og Ragnar Ólason
Mættir f.h. LSH: Atli Atlason, Bergþór Haukdal Jónasson og Oddur Gunnarsson
Fundarstaður: Hér og þar / á Teams
Dagsetning / tími: 16. nóvember 2020
Fundardagskrá: Endurskoðun stofnanasamnings

Endurskoðun / breyting á stofnanasamningi milli Landspítala og Eflingar

Tilfni endurskoðunar á stofnanasamningi er einkum breytt launatafla sem tekur gildi frá og með 1. janúar 2021, sbr. kjarasamning Eflingar við ríkið dags. 7. mars 2020. Í bókun 4 með kjarasamningnum er kveðið á um tiltekið fjármagn sem kemur til ráðstöfunar á stofnunum vegna vörpunar í nýja launatöflu. Af þeirri upphæð renna u.þ.b. 74 m.kr. til Landspítala skv. nánari útfærslu.

1. Vörpun í nýja launatöflu - Aðferð

Lágmarkahækkun miðað við fullt starf er kr. 24.000. Starfsfólk sem ekki nær þessu lágmarki samkvæmt nýju kerfi fær þrep (vörpunarþrep*) sem tryggir þeim lágmarkshækkun.

*Vörpunarþrep;

- fellur niður við hækkun í tilefni af breytingu á starfaflokkun
- er ekki sólarlag nema innan þeirrar starfaflokkunar sem starfsfólk er í við vörpun
- fellur ekki niður við hækkunir vegna starfsaldurs, menntunar og næturvakta (innan sömu starfaflokkunar)

2. Röðun starfa í nýjum stofnanasamningi verður frá og með 01.01.2021:

<u>Starf</u>	<u>Forsendur</u>	<u>Grunnlaunasetning</u>
Félagsliði 1		11
Félagsliði 2	eftir 1 ár í starfi	12
Félagsliði 3	eftir 3 ár í starfi	13
Félagsliði 4	eftir 5 ár í starfi	14
Matartæknir 1		11
Matartæknir 2	eftir 1 ár í starfi	12
Matartæknir 3	eftir 3 ár í starfi	13
Matartæknir 4	eftir 5 ár í starfi	14
Starfsmaður A		07
Starfsmaður B		08
Verkstjóri – þjónusta		09

3. Flokkar / þrep umfram grunnlaunasetningu

Einingar í launatöflu við hækkun umfram grunnlaunasetningu breytast með eftirfarandi hætti:

<u>Þáttur</u>	<u>Núverandi</u>	<u>Verður í nýjum stofnanasamningi</u>
Starfsaldur	Launaflokkur	Launaflokkur
Formleg menntun	Launaflokkur	Þrep
Endur- og símenntun	Launaflokkur	Þrep
Næturvaktir	Launaflokkur	Þrep
Óútskýrt („ótilgreint“)	Launaflokkur	Launaflokkur
Sérstök ábyrgð	Launaflokkur	Þrep

4. Niðurfelling persónubundinna launaflokka samkvæmt mati / frammistöðumats

Möguleikar til hækkunar á grundvelli persónubundins mats (frammistöðumats) falla niður. Þar með skapast svigrúm til að framkvæma þær hækkanir sem leiða af hinum nýja stofnanasamningi.

5. Gildistími

Nýr stofnanasamningur gildir frá og með 1. janúar 2021.

Með nýjum stofnanasamningi hefur því fjármagni verið ráðstafað sem veitt var til handa Eflingarfólki á Landspítala samkvæmt bókun 4 með kjarasamningi Eflingar og ríkisins dags. 7. mars 2020.

Nýr stofnanasamningur undirritaður

Fleira ekki rætt og fundi slitið

Nýr fundur verður boðaður síðar

Undirritunarsíða

Bergþór Haukdal Jónasson

F.h. Landspítala
Oddur Gunnarsson

F.h. Landspítala
Atli Atlason

F.h. Eflingar
Sólveig Anna Jónsdóttir

F.h. Eflingar
Ragnar Ólason